



EKKÓ

Félagsmiðstöðin Ekkó

KÁRSNESSKÓLI

Starfsáætlun | 2025-2026 | Höfundur: Jóhanna Aradóttir

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Opnunartímar Ekkó eru:.....	3
Félagsmiðstöðvardagatal	3
Starfið í vetur	4
Viðburðir í vetur	5
Hópastarf	5
Hinsegin klúbbur Ekkó	5
Klúbbar	5
Sértækt hópastarf.....	5
Velkomin.....	5
Félkó – miðstöðin	6
Sumaropnanir Ekkó	6
Barna- og unglingaráð	6
Foreldrasamstarf	7
Verkefni tengd menntastefnu	7
Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir	7
Innra mat	7
Símenntunaráætlun	8
Fjöldatölur	9
Starfsfólk	9

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Ekkó er fyrir nemendur í Kársnesskóla frá 5. – 10. Bekk með aðaláherslu á starf fyrir 8. – 10. Bekk. Ekkó er staðsett í Kársnesskóla við Kópavogsbraut 57, símanúmer Ekkó er 441-4630 og símanúmer forstöðumanns er 696-1620. Forstöðumaður Ekkó er Jóhanna Aradóttir. Netfang forstöðumanns er: johanna.aradottir@kopavogur.is

Nemendafjöldi á unglingastigi 8. – 10. Bekk eru í vetur 206 nemendur og á miðstigi 5. – 7. Bekk eru 196 nemendur. Heildarfjöldi einstaklinga sem Ekkó þjónustar í vetur eru 402 nemendur, en skólinn hefur verið að stækka mikið síðustu ár, þó að árganga séu misstórir.

Opnunartímar Ekkó eru:

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 - 18:30 og 19:30 - 22:00 og annan hvern föstudag frá kl: 19:30-22:45. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni. Opnunartímar á daginn er í samráði og samstarfi við skólann.

Félagsmiðstöðvargatal

Félagsmiðstöðvargatal 2025 - 2026												Fékkó
AUGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÍJ	JUNI	JULI	
1. F.	1. M.	1. M.	1. L.	1. M.	1. F.	1. S.	1. S.	1. F.	1. M.	1. M.	1. M.	
2. L.	2. F.	2. S.	2. F.	2. S.	2. F.	2. M.	2. M.	2. F.	2. L.	2. F.	2. F.	
3. S.	3. M.	3. F.	3. S.	3. M.	3. L.	3. F.	3. F.	3. S.	3. M.	3. S.	3. F.	
4. M.	4. F.	4. L.	4. F.	4. S.	4. S.	4. M.	4. M.	4. L.	4. M.	4. F.	4. L.	
5. F.	5. S.	5. M.	5. F.	5. L.	5. F.	5. S.	5. S.	5. F.	5. M.	5. F.	5. S.	
6. M.	6. L.	6. M.	6. S.	6. L.	6. M.	6. F.	6. F.	6. M.	6. M.	6. L.	6. M.	
7. F.	7. S.	7. F.	7. S.	7. M.	7. S.	7. L.	7. L.	7. F.	7. F.	7. S.	7. M.	
8. S.	8. M.	8. M.	8. L.	8. M.	8. F.	8. S.	8. S.	8. M.	8. F.	8. M.	8. M.	
9. L.	9. F.	9. F.	9. S.	9. L.	9. F.	9. M.	9. M.	9. L.	9. M.	9. F.	9. F.	
10. M.	10. M.	10. S.	10. M.	10. F.	10. L.	10. F.	10. F.	10. S.	10. M.	10. M.	10. F.	
11. F.	11. F.	11. L.	11. M.	11. F.	11. S.	11. M.	11. L.	11. L.	11. M.	11. F.	11. L.	
12. S.	12. S.	12. F.	12. S.	12. M.	12. M.	12. F.	12. F.	12. S.	12. M.	12. F.	12. S.	
13. M.	13. L.	13. M.	13. F.	13. L.	13. S.	13. M.	13. F.	13. M.	13. M.	13. L.	13. M.	
14. F.	14. S.	14. F.	14. S.	14. M.	14. F.	14. L.	14. L.	14. F.	14. F.	14. S.	14. S.	
15. S.	15. M.	15. M.	15. L.	15. M.	15. F.	15. S.	15. S.	15. M.	15. F.	15. M.	15. M.	
16. L.	16. F.	16. F.	16. S.	16. L.	16. F.	16. M.	16. M.	16. L.	16. M.	16. F.	16. F.	
17. M.	17. S.	17. F.	17. M.	17. F.	17. L.	17. F.	17. F.	17. S.	17. M.	17. M.	17. F.	
18. F.	18. L.	18. M.	18. F.	18. S.	18. M.	18. M.	18. L.	18. M.	18. M.	18. F.	18. L.	
19. S.	19. F.	19. S.	19. M.	19. F.	19. L.	19. F.	19. F.	19. S.	19. M.	19. F.	19. L.	
20. M.	20. M.	20. M.	20. F.	20. M.	20. F.	20. S.	20. S.	20. M.	20. M.	20. L.	20. M.	
21. F.	21. S.	21. F.	21. S.	21. M.	21. F.	21. L.	21. L.	21. F.	21. F.	21. S.	21. F.	
22. S.	22. M.	22. M.	22. L.	22. M.	22. F.	22. M.	22. S.	22. M.	22. F.	22. M.	22. M.	
23. L.	23. F.	23. F.	23. S.	23. L.	23. F.	23. M.	23. M.	23. L.	23. M.	23. F.	23. F.	
24. M.	24. S.	24. M.	24. F.	24. M.	24. L.	24. F.	24. F.	24. S.	24. M.	24. M.	24. F.	
25. F.	25. L.	25. M.	25. F.	25. S.	25. F.	25. M.	25. L.	25. M.	25. M.	25. L.	25. M.	
26. S.	26. F.	26. S.	26. M.	26. F.	26. L.	26. F.	26. F.	26. S.	26. M.	26. F.	26. S.	
27. M.	27. L.	27. M.	27. F.	27. L.	27. F.	27. S.	27. S.	27. M.	27. M.	27. L.	27. M.	
28. F.	28. S.	28. F.	28. S.	28. M.	28. F.	28. L.	28. L.	28. F.	28. F.	28. S.	28. F.	
29. S.	29. M.	29. M.	29. L.	29. M.	29. F.	29. M.	29. S.	29. M.	29. M.	29. L.	29. M.	
30. L.	30. F.	30. F.	30. S.	30. L.	30. F.	30. M.	30. F.	30. L.	30. M.	30. F.	30. F.	
31. S.		31. F.		31. M.	31. L.	31. F.	31. F.	31. S.			31. F.	
Föstudagsopnanir eru annan hvern föstudag - með fyrirvara um breytingar Blár - Fékkó viðburður. Appelsínugulur - Samfés viðburður. Dökkgrænn - vetrarfrí. Fjólublár - föstudagsopnanir. Ljósgrænn - frídagar í skólum. Rauður - fundir.												

Starfið í vetur

Við í Ekkó viljum skapa öruggt og skemmtilegt umhverfi sem að ungmennin okkar þrífast í. Við reynum eftir okkar bestu getu að hlusta á hópinn og finna út hvað þeim finnst spennandi og áhugavert.

Okkar markmið á starfsárinu:

- Taka vel á móti öllum okkar og veita öruggt umhverfi hjá okkur.
- Við erum að hefja vinnu í að verða réttindafélagsmiðstöð Unicef, en við erum að hefja fyrsta árið í innleiðingu.
- Fylgjast vel með og styðja við ef einstaklingar og hópar eru farnir að sýna áhættuhegðun
- Halda áfram góðu upplýsingarflæði allra.
- Halda áfram að fylgjast vel með mætingarlistum. Kynna fyrir bæði hópnum okkar og foreldrum að mætingin hefur áhrif á þátttöku á viðburði þar sem eru fjöldatakmarkanir.
- Við höfum verið með áherslu á að auka þátttöku í öðrum Samfés og Félkó viðburðum öðrum en böllum. Við náðum góðum árangri með þetta markmið síðasta vetur, en við vorum með þátttakendur á stíl og danskeppninni. Verkefnið í vetur er að halda áfram að auka þátttöku og fjölbreyttum viðburðum Samfés og Félkó. Við munum áfram kynna þess viðburði bæði fyrir öllum hópnum ásamt foreldrum og eins með því að skoða vel unglingahópinn okkar og fara sérstaklega í að kynna það fyrir einstaklingum sem við teljum að gætu haft áhuga.
- Prófa okkur áfram með aukið klúbbastarf með því að vera með sérstakar klúbbaopnanir/smiðjur.
- Virkja hópinn meira til að taka þátt í því sem við erum að gera og að fleiri en bara nemendaráðið verði sýnilegir þátttakendur í því sem við erum að gera. Dæmi um þetta verkefni er að nú þriðja árið í röð erum við með peysukeppni og komu 26 mismunandi tillögur að peysum og einnig komu tillögur af buxum.

Samstarf við skóla: Samstarf Ekkó við Kársnesskóla gengur mjög vel og samstarf við alla starfsmenn skólans mjög gott. Í samráði við skólastjórnendur erum við með opið á skólatíma, höldum reglulega samráðsfundi um stöðu unglingahópsins og skipulagningu sameiginlegra viðburða. Samstarf við aðra starfsmenn skólans hefur líka verið mjög gott. Við erum núna sameiginlega að vinna á innleiðingu á réttindaskóla/réttindafélagsmiðstöð og erum við að vinna það verkefni í mjög góðri samvinnu. Virkilega góða samvinna hefur líka verið í því að halda skólaþing fyrir barnaþing.

Valáfanga: Nemendaráð Ekkó og Kársnesskóla hefur verið samstarfsverkefni milli Ekkó og Kársnesskóla, en það verkefni er leitt af Ekkó. Við erum í samráði við skólann, um þróun á valáföngum.

Verkefni sem stuðla að eflingu læsis í víðum skilningi

Það sem við höfum verið að vinna mest með tengt læsi eru spil. Við erum bæði að vinna með spurningarspil og svo eins umræðuspil, dæmi um umræðuspil eru hjartsláttur og sjúkást spilin. Við sjáum sérstaklega tvennt tengt þessu, er að þau eru að lesa upphátt fyrir jafnaldra og hins vegar eflir þetta orðaforða þegar þau geta spurt okkur út í hvað ákveðin orð þýða og þannig eflt orðaforða sinn.

Miðstigsstarf: Opnanir eru einu sinni í mánuði fyrir 5. og 6. bekk í sitthvoru lagi. Við erum svo með 7. bekk aðra hvora viku. Þetta er gert til að mæta hópnum öllum því mæting á miðstigsopnanir hefur

verið mjög góð og við viljum heldur ná betri tengingum við þau á hverri opnun heldur en að vera bara gæslu eins og þegar fjöldinn er mikill. Við erum einnig að skoða hvort að við getum farið af stað með smiðjur/hópa fyrir miðstig.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum Ekkó: Sérstakir árlegir viðburðir eru: Vökukvöld 8.bekkjar, Andvökunótt 10. Bekkjar, Ekkó leikarnir, Sumarhátíð, Dodgeball mót, Kökukeppni. Svo erum við alltaf í samtali við unglingana okkar um nýja viðburði

Sameiginlegir FÉLKÓ viðburðir: Íþróttaleikar ÍTK, Forvarnarvika, Lan, Fótboltamót ÍTK, Söngkeppni, Getkó, Skíðaferð, Félkóhátíð og Félkó útilegan.

Viðburðir í samvinnu við skólann: Jólaball og árshátíð unglingadeildar eru á hverju ári haldið sameiginlega af Kársnesskóla og Ekkó. Skólaþing Ekkó og Kársnesskóla. Það samstarf hefur fengið mjög vel.

Viðburðir í samvinnu við Samfés: Hönnunarkeppnin Stíll hafa verið unnin í samvinnu milli Samfés og félagsmiðstöðva í Kópavogi.

Hópastarf

Sértækt hópastarf

Við vorum með bæði einstaklinga og hópa í starfi síðasta vetur og stefnum að því að vera með fleiri hópa bæði í styttri og lengri tíma. Við höfum líka verið að þróa okkur áfram með söng/tónlist í hópastarfi, ásamt tölvuleikjum. Við erum alltaf að fylgjast vel með hópnum okkar og vinna með þá einstaklinga og hópa sem við teljum að þurfi sértæku starfi eða hefðu gott af sértæku starfi.

Félkó – miðstöðin

Unglingar frá okkur hafa verið að nýta sér opnanirnar í Félkó – miðstöðinni. Við eigum ungmenni sem sækja reglulega d&d starf, hinsegin starf og starf í Velkomin. En það er eitt af því sem við erum að kynna líka reglulega hjá ykkur og alltaf að benda okkar hóp á að geta sótt þetta starf í viðbót við okkar starf. Hópurinn sem sækir í opnanir í Félkó – miðstöðinni er sambland af krökkum sem sækja bara starfið í Félkó miðstöðinni og einnig krakkar sem koma líka til okkar í Ekkó. Við höfum sértaklega passað að halda góðu samstarfi við þau sem eru að mestu leiti bara að sækja starf í Félkó – miðstöðina í að passa koma öllum upplýsingum beint til þeirra.

Starf Félkó-miðstöðvarinnar liggur því miður í dvala eins og stendur vegna húsnæðisvanda.

Hinsegin – Félkó

Hinsegin félkó hefur verið ágætlega sótt af okkar unglingum, við erum samt alltaf að rekast á að það starf hefur farið framhjá hluta af hópnum, en farið var sérstaklega í kynningarherferð vegna þess núna áður en starfið hófst og við höfum strax fengið viðbrögð frá unglingum sem ætla að mæta í það starf.

Félkó - Velkomin

Velkomin er verkefni sem hefur verið vel sótt af okkar unglingum, þá sérstaklega á sumrin. Síðasta vetur byrjuðum við með hittinga og samráð við okkar ÍSAT hóp, það er verkefni sem við ætlum að halda áfram með og þróa og vera með reglulega hittinga fyrir hópinn okkar ásamt því að hvetja þau til að fara á sameiginlegu velkomin hittinga í Félkó - miðstöðinni.

Sumaropnanir Ekkó

Sumaropnanir Ekkó eru í raun tvískiptar. Annars vegar smiðjur fyrir miðstigið og hins vegar starfs fyrir unglingastigið á daginn og kvöldin. Miðstigssmiðjurnar gengu vel í sumar, en við vorum með svipað fyrirkomulag og síðasta sumar. Smiðjurnar voru almennt vel sóttar og krakkarnir fóru ánægðir frá okkur. Við vorum þó að lenda í vandræðum með tímasetningar á smiðjum vegna ýmissa atriða, en við erum að vona að skipulagið verði þægilegra á næsta ári. Við vorum í miklu samstarfi við vinnuskólann og jókst rosalega mikið starfið með unglingum á daginn og einnig voru kvöldviðburðir vel sóttir. Sérstaklega tókst vel að enda á 10. Bekkjaropnun þar sem við kvöddum útskriftarárganginn okkar, það er viðburður sem við munum halda áfram. Fyrir næsta ár gæti verið sniðugt að vinna hugmyndir af smiðjum með miðstigsráðinu, fá hugmyndir frá þeim og sjá hvort að við náum að útfæra það.

Barna- og unglingaráð

Nemendaráð: Í nemendaráði Ekkó og Kársnesskóla sitja í vetur samtals 14 nemendur (4 úr 8. – 9. Bekk og 6 úr 10. bekk). Fundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í viku í klst í senn. En nemendaráðið skipuleggur með starfsmönnum dagskrá Ekkó og er einnig skipuleggja þau ákveðna viðburði í Ekkó, en verið er að auka virkni hjá nemendaráðinu í að skipuleggja og undirbúa viðburði með stuðningi og aðstoð starfsmanna Ekkó.

Miðstigsráð: Við erum að byrja prufa okkar áfram með miðstigsráð, en við funduðum einu sinni á síðasta ári með ráðinu og stefnan er að þróa það áfram og að þau komi að skipulagi á sinni dagskrá. Þetta er gert í góðu samstarfi við kennara og deildarstjóra 5. - 7. bekkjar.

Félkóráð: Tveir fulltrúar úr nemendaráði Ekkó eru fulltrúar nemendaráði Ekkó í Félkó-ráðinu. Hver félagsmiðstöð skipar tvo fulltrúa í ráðið. Umsjónarmenn eru hluti af aðstoðarforstöðumönnum félagsmiðstöðvanna, en gert er ráð fyrir því að Félkó-ráðið verði með fasta fundartíma í vetur að jafnaði einu sinni í mánuði.

Ungmennaráð: Umsjón með Ungmennaráði Kópavogsbæjar hefur Áslaug Einarsdóttir verkefnastjóri. Fundir eru einu sinni í mánuði og er einn fulltrúi frá hverjum skóla/félagsmiðstöð sem fær að taka þátt. Fulltrúin hefur verið valin á haustinn en stefnan er á að það sé gert í kosningum að vori.

Ungmennaráð Samfés: Tveir fulltrúar Kópavogs eru í ungmennaráði, unglingur frá okkur sat í tvö ár og var að ljúka sínu kjörtímabili. Fundarhald er alfarið á vegum Samfés.

Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra hefur verið að aukast frá því að það var nokkuð bara í eina átt í það að fleiri foreldrar eru í meira samtali við okkur. Við höfum einnig mætt á fund með foreldrafélaginu og við komum líka að því að aðstoða foreldra útskriftarnema við undirbúning útskriftarferðar til Danmerkur. Við leggjum mikið upp úr því að upplýsa foreldra um starfið okkar og höfum lagt okkur fram við að

benda þeim líka á að fylgjast með instagramminu okkar til að sjá hvað er um að vera hjá okkur til að auka sýnileika okkar hjá foreldrum. Við erum líka alltaf að skoða hvernig er best að koma upplýsingum til foreldra sem best, leið í því er að í gangi er könnun til foreldra um hvernig þau vilja helst fá upplýsingar frá okkur, sem við biðum spennt eftir að sjá niðurstöður úr.

Verkefni tengd menntastefnu

Starfið í Ekkó styður við markmið Menntastefnu Kópavogs með því að:

- efla lýðræðislega þátttöku barna,
- tryggja jöfnuð og inngildingu,
- stuðla að vellíðan og virðingu,
- og skapa tækifæri til skapandi náms og frístundar.

Starfið er unnið í nánun samstarfi við Kársnesskóla, foreldra og frístundadeild, og byggir á meginhugmyndum um **samfellu milli skóla og frístundar**.

Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva

- Allir verkferlar frístundadeildar
Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar.
- Móttaka nýrra starfsmanna
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Ytra mat

Við ytra mat á starfinu nýtum við kannanir sem eru gerðar á starfinu okkar. Tekin var ákvörðun um að breyta tímasetningu á könnuninni til þess að við gætum betur nýtt okkur könnunina til nýta til umbóta og er stefnt að því að framkvæma könnunina í nóvember. Það sem við þurfum sérstaklega að skoða við framkvæmdina að fylgja könnuninni vel eftir í bekkjum svo að við tryggjum sem besta þátttöku í henni.

Niðurstöður frá Rannsókn og greiningu eru okkur líka mikilvægar, því þau sýna okkur breytingar frá ári til árs hvernig hópurinn þróast bæði varðandi andlega stöðu hópsins og eins varðandi forvarnir. Með rannsókninni náum við að fylgjast vel með neyslu ungmenna á vímuefnum, andlegri líðan, líkamlega heilsu, þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi og svefnheilsu.

Með þessu fáum við mikilvægar upplýsingar um hvers konar forvarnarstarf við vinnum hverju sinni því markmiðið er að sjálfsögðu að persónumiða fræðsluna eins og við getum.

Mælingar á starfinu er einnig nýr þáttur sem við sjáum að við getum nýtt okkur vel í starfinu og hlökkum við mikið til að sjá áframhaldandi þróun á þeim mælingum.

Innra mat

Við innra mat erum við dugleg að eiga samtöl saman starfsfólkið í félagsmiðstöðunni, við rýnum opnanir og viðburði og förum bæði yfir hvað gekk vel og hvað má betur eftir hverja opnun. Við erum líka í góðu samtali bæði við nemendaráð og eins aðra nemendur og foreldrahópinn. Við hvetjum foreldra til að vera í sambandi við okkur varðandi bæði hvað við erum að gera vel og hvað þarf að bæta.

Mætingartölur er líka það sem við skoðum vel og við getum notið til hliðsjónar af því hvernig gengur, þó að það sé kannski ekki alltaf besta matið á gæðastarfi þá gefur það okkur innsýn. Það getur líka hjálpað okkur við að greina það hvort að það séu ekki ákveðnir hópar að mæta eða ekki mæta. Það höfum við nýtt mikið og farið í aðgerðir til að ná betur til ákveðinna hópa.

Umbótaáætlun

Miðstigsstarfið er eitthvað sem við erum að reyna þróa betur í samstarfi við krakkana á miðstigi. Ein af þeim leiðum sem við erum að fara í því er að taka upp virkt samráð við þau með því að stofna miðstigsráð. Við erum að skoða nokkrar útfærslur á því, stundum verður bara 7. bekkur, stundum allt miðstigið. Við munum finna taktinn í þessu og prófa nokkrar leiðir í því hvað hentar best.

Mætingin er alltaf eitthvað sem við erum að skoða sérstaklega. Hvaða hópar erum að mæta, hvaða hópar eru ekki að mæta. Við erum að skoða alls konar breytur í því, hvort að árgangarnir séu að mæta og fleira. Við höfum svo verið að halda viðburði sem eru sérstaklega miðaðir að ákveðnum hópum, bæði sem þurfa það sérstaklega og eins sem þurfa hvatningu í að þora að mæta. Þessi vinna hefur skilað sér vel síðustu ár, en er eitthvað sem við þurfum alltaf að vera skoða og rýna.

Við erum svo alltaf í stöðugri vinnu með hópa sem sýna áhættuhegðun og alltaf að vinna leiðir til að búa til tengingar við þá hópa og eins að viðhalda þeirri tengingu sem við höfum. Það er stanslaus vinna og má aldrei gleymda.

Símenntunaráætlun

Símenntun starfsfólks Ekkó felur í sér:

- Þátttöku í fræðsludögum Samfés og fyrirlestrum tengdum frístundastarfi.
- Reglulegar fræðslur frístundadeildar Kópavogs, þar sem fjallað er meðal annars um lýðræði, réttindi barna, fjölmenningu og faglega samskiptatækni.
- Þátttöku í UNICEF-fræðslu um réttindaskóla, sem nýtist í samstarfi við Lindaskóla.
- Innanhússhittinga og handleiðslufundi þar sem starfsfólk rýnir í eigið starf og deilir reynslu.

Áhersla er lögð á að öll fræðsla hafi bein tengsl við daglegt starf og styrki fagleg vinnubrögð, öryggi og vellíðan starfsfólks og ungmenna.

Fjöldatölur

Mæting Ekkó 2024 - 2025

Ágúst	253
September	1410
Október	1247
Nóvember	1021
Desember	996
Janúar	1031
Febrúar	1089
Mars	1303
Apríl	995
Maí	864
Júní	548
Júlí	159

Starfsfólk

Jóhanna Aradóttir, Forstöðumaður í 100% starfi, er á sínu fjórða starfsári

Aron Rafn Gissurarson, Aðstoðarforstöðumaður í 80% starfi, er á sínu fimmta starfsári.

Agla Jóna Sigurðardóttir, Frístundaleiðbeinandi I í 39% starfi, á öðru ári

Birta Birgisdóttir, Frístundaleiðbeinandi I í 20% starfi, er á sínu öðru ári í Ekkó

Darri Gunnarsson, Frístundaleiðbeinandi I í 39% starfi, er á sínu fimmta starfsári.

Elín Unnur Guðmundsdóttir, Frístundaleiðbeinandi I í 39% starfi, er á sínu tólfta starfsári.

Rebekka Þurý Pétursdóttir, Frístundaleiðbeinandi II í 21% starfi, er á sínu áttunda starfsári.